

# Menningararfsár Evrópu 2018

## Menningarminjakeppni grunnskólanema



Í tilefni af Menningararfsári Evrópu 2018 stendur Minjastofnun Íslands fyrir samkeppni þar sem grunnskólanemum gefst kostur á að túlka menningarminjar í sínu nærumhverfi á skapandi hátt. Eitt af markmiðum Menningararfsársins er að virkja yngri kynslóðir Evrópu til að huga að menningarminjum og vekja þannig áhuga þeirra á þeim. Til menningarminja teljast öll ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul hús og önnur mannvirki. Menningarminjar eru allar mannvistarleifar í umhverfi okkar sem eru 100 ára eða eldri. Þetta geta til dæmis verið fornar tóftir, skipsflök, þingstaðir, sögustaðir, þjóðsagnastaðir, álfasteinar, huldufólksbústaðir, gömul minningarmörk í kirkjugörðum, kirkjur, gömul hús, menningarlandslag og margt fleira.

- Nemendum sem taka þátt í verkefninu er boðið að túlka menningarminjar sem finnast í þeirra nærumhverfi á skapandi hátt. Það má til dæmis vera mynd eða frásögn á hvaða formi sem er, t.d. ljósmynd, teikning, myndasaga, málverk, kvikmynd, lag – bara það sem nemendum dettur í hug – og stuttur meðfylgjandi texti eða hljóðrás.
- Nemendur safna upplýsingum um þær minjar eða stað sem þau velja sér. Hægt er að tala við staðkunnuga eða eldri ættingja, leita á netinu eða á bókasafni, ræða við minjavörð o.s.frv.
  - Hvernig minjar eða stað er um að ræða?
  - Gerðust þar einhverjir sérstakir atburðir?
  - Hver er saga staðarins?
  - Hvernig endurspeglast fortíðin á staðnum, hver er framtíð hans?
  - Hvaða tilfinningar vekur staðurinn?
- Meðfylgjandi texti (má vera saga eða jafnvel ljóð) byggist á því efni sem nemendur hafa safnað og upplifun þeirra af minjunum eða staðnum.
- Til að auka fjölbreytileika verkefna og gefa öllum tækifæri er keppnin opin fyrir alla aldurshópa í grunnskólum landsins.

- Verkefnum skal skilað á stafrænu formi.
- Verkefnið má vinna bæði sem einstaklings- og hópverkefni.
- Skólar velja allt að fimm verkefni úr sínum verkefnasarpi til að senda til Minjastofnunar Íslands.
- Skilafrestur á verkefnum er 27. mars. Skila skal verkefnum til Minjastofnunar Íslands á tölvupóstfangið [thuridur@minjastofnun.is](mailto:thuridur@minjastofnun.is).
- Niðurstöður í keppninni munu liggja fyrir 20. apríl.
- Innsend verkefni verða birt á heimasíðu Minjastofnunar.

Verðlaun verða veitt á landsvísu fyrir hlutskörpustu framlögin og þau verða jafnframt send áfram í Evrópukeppni, *Heritage Makers Week*, sem er með sama sniði.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá Þuríði Elísu Harðardóttur ([thuridur@minjastofnun.is](mailto:thuridur@minjastofnun.is)).

Einnig er hægt að hafa samband við minjavörð viðkomandi svæðis vegna ráðgjafar og aðstoðar í tengslum við vinnslu verkefna.

---

*Áherslur menningararfsársins: Þátttaka- Sjálfbærni- Verndun- Nýsköpun*

---